

Reglur um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnarsýslu Kópavogsbæjar

I

Um ábyrgð ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna.

- a. Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og varamenn þeirra. Nefndarmenn eru þeir einstaklingar sem eru tilnefndir og kosnir í fagnefndir bæjarins og starfa í umboði bæjarstjórnar. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn starfa samkvæmt:
- Bæjarmálasamþykkt á hverjum tíma.
 - Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
 - Stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar.
 - Samþykktum fjárhagsáætlunum.
 - Lögum og reglum sem gilda um ákveðna málaflokka.
 - Siðareglum Kópavogsbæjar.
 - Gæðamarkmiðum Kópavogsbæjar.
 - Reglum um ábyrgð og starfshætti.
 - Verklagsreglum vegna aðgengis bæjarfulltrúa að gögnum Kópavogsbæjar.
- b. Stjórnendur eru allir yfirmenn stjórnarsýslu Kópavogsbæjar sem ráðnir eru skv. 61. gr. Bæjarmálasamþykktar Kópavogs. Stjórnendur starfa samkvæmt:
- Bæjarmálasamþykkt á hverjum tíma.
 - Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
 - Upplýsingalögum nr. 50/1996.
 - Lögum er varða einstaka málaflokka.
 - Lögum og reglum er varða starfsmannahald og réttindi starfsmanna.
 - Samþykktum útgáfum Gæðahandbókar á hverjum tíma.
 - Siðareglum Kópavogsbæjar.
 - Stefnumarkandi samþykktum bæjarstjórnar.
 - Staðfestum stefnumótunarskjölum nefnda.
 - Gildandi kjarasamningum.
 - Fjárhagsáætlun hverju sinni.
 - Gæðamarkmiðum Kópavogsbæjar.
 - Reglum um ábyrgð og starfshætti.
- c. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa að:
- Móta stefnu fyrir starfsemi Kópavogsbæjar og einstakra deilda og stofnana bæjarfélagsins, m.a. með gerð starfs- og fjárhagsáætlana.
 - Setja starfsemi bæjarins reglur m.a. um hlutverk, ábyrgðarmörk og starfshætti nefnda, kjörinna fulltrúa og stjórnenda, gjaldskrár og annað sem lög mæla fyrir og þörf krefur.



- Ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og framkvæma ráðningar samkv. 61. gr. Bæjarmálasamþykktar.
 - Að hafa eftirlit með samþykktum og ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda og að starfsemi sé samkvæmt lögum og samþykktum reglum.
- d. Bæjarstjóri með sviðsstjóra sér til aðstoðar er tengiliður kjörinna fulltrúa við daglega starfsemi Kópavogsbæjar og ber ábyrgð á að hún sé samkvæmt stefnu og ákvörðunum í viðkomandi málaflokkum. Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn hlutast aðeins til um framkvæmd stefnu með samþykktum í bæjarstjórn og á nefndarfundum en hafa sem einstaklingar ekki boðvald yfir starfsmönnum bæjarins.
- e. Bæjarstjórn er heimilt að fela nefndum fullnaðarafgreiðslu mála og getur á sama hátt falið stjórnendum fullnaðarafgreiðslu mála á verksviði þeirra samkvæmt starfsreglum sem bæjarstjórn staðfestir. Stjórnendur gera nefndum reglulega grein fyrir afgreiðslu slíkra mála.
- f. Bæjarstjóri og/eða pólitískur oddviti er í forsvari fyrir ákvarðanir og stefnumörkun bæjarstjórnar en formenn nefnda og ráða kynna ákvarðanir þeirra. Stjórnendur kynna og eru í forsvari fyrir framkvæmd þessara samþykta og ákvarðana (sbr. „Um stjórnkerfi Kópavogsbæjar“ í Gæðahandbók).

II

Um framkvæmdastjórn Kópavogsbæjar

- a. Bæjarstjóri starfar samkvæmt Bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar. Hann framfylgir ákvörðunum bæjarstjórnar, er tengiliður bæjarstjórnar við ráðna stjórnendur bæjarins og æðsti yfirmaður þeirra.
- b. Bæjarstjóri skipar 5 manna framkvæmdastjórn úr hópi starfsmanna sér til fulltingis við lausn þeirra verkefna sem hann telur þörf á. Bæjarstjóri hefur frjálssar hendur með val á einstaklingum í framkvæmdastjórn og skal skipa framkvæmdastjórn um hvert einstakt verkefni sem vinna þarf. Regla skal þó vera að sviðsstjóri þess málaflokks sem verkefnið telst falla undir skal vera í framkvæmdastjórn þess verkefnis. Vinnsla sérstakra verkefna skal að öðru leyti fylgja Ver019 í verkefnaferli Gæðahandbókar.

III

Um skyldur og starfshætti stjórnenda

- a. Stjórnendum Kópavogsbæjar ber að meta hag heildarinnar yfir hag einstaka sviðs, deildar eða einstakra starfsmanna og að taka ákvarðanir í samræmi við það.
- b. Stjórnandi:
- er leiðtogi undirmanna sinna í þeirri viðleitni að veita sem besta þjónustu í samræmi við gæðastefnu bæjarstjórnar og siðareglur þajarfulltrúa og stjórnenda hjá Kópavogsbæ.

- ákveður samskiptareglur þeirra deilda eða stofnana sem undir hann heyra. Ef samskiptareglur hafa áhrif á verksvið annarra hliðstæðra stjórnenda skal setja samskiptareglur í samráði við sameiginlegan yfirmann (sjá „Um stjórnkerfi Kópavogsbæjar“ í Gæðahandbók).
 - samræmir störf milli deilda og stofnana sem undir hann heyra.
 - færir útgjöld málaflokka á rekstrarliði og færir á milli rekstrarlykla ef þess er þörf.
 - ákveður skipulagningu og þörf starfsmannahalds, ráðningar starfsmanna skv. 62 gr. Bæjarmálasamþykktar, ritar starfslýsingar og semur auglýsingatexta.
 - hefur skyldur varðandi upplýsingagjöf til einstaklinga, fjölmiðla og kjörinna fulltrúa sbr. ferli um Almannatengsl og Þjónustuver í Gæðahandbók.
 - gerir þjónustusamninga og á samstarf við umhverfissvið um útboð á verkum í samræmi við innkaupareglur Kópavogsbæjar og Innkaupaferli Gæðahandbókar þar sem við á.
 - hefur eftirlit með daglegri starfsemi deilda og stofnana sem undir hann heyrir en hlutast ekki til um hana nema um frávík sé að ræða frá vönduðum stjórnsýsluháttum.
- c. Stjórnandi ber ábyrgð gagnvart næsta stjórnanda fyrir ofan hann í skipuriti.
- d. Verði stjórnandi var við óeðlileg frávík frá markaðri stefnu, settum reglum eða samþykktum starfs- eða fjárhagsáætlunum í rekstri stjórnunareininga sem undir hann heyra, beinir hann fyrirmælum um úrbætur til næsta undirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki eða verkefni.
- e. Stjórnanda er óheimilt að semja um ráðningarkjör umfram kjarasamninga (hlunnindi, fastar yfirvinnugreiðslur osfrv.) eða samþykktir bæjarráðs. Stjórnandi skal fylgja Starfsmannaferli Gæðahandbókar við launasetningu.
- f. Stjórnanda er skylt að láta næsta yfirmann vita ef möguleikar hans á að vinna úthlutað verkefni eru skertir vegna vanþekkingar, hagsmuna, tengsla eða annarra ástæðna sem kunna að vera fyrir hendi. Yfirmaður viðkomandi stjórnanda skal taka tillit til þess við vinnslu verkefnisins og gerðar næstu símenntunaráætlunar ef við á (sjá Ver002 Símenntun í Starfsmannaferli).
- g. Þegar stjórnanda er falið að rita umsögn um ákveðið mál skal hann rita umsögnina samkvæmt faglegri þekkingu og með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, enda mikilvægt að fagleg sjónarmið ráði för í allri ákvarðanatöku og störfum einstakra starfsmanna bæjarins. Kjörnum fulltrúum, starfsmönnum eða öðrum sem eiga hagsmuna að gæta er óheimilt að hafa áhrif á innihald slíkra umsagna enda samræmist það ekki siðareglum kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda hjá Kópavogsbæ.
- h. Verði stjórnandi eða starfsmaður var við að reynt sé að hafa áhrif á innihald umsagnar, fái fyrirmæli sem eru ólögleg eða brjóti í bága við siðferðiskennd hans og fagleg sjónarmið er honum skylt að láta ekki undan slíkum þrýstingi og bregðast við. Sama á við verði starfsmaður var við ólöglega starfsemi eða ákvarðanir, sem brjóta í



bága við ákvarðanir bæjarráðs/bæjarstjórnar eða ofangreindar siðareglur Kópavogsbæjar. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi stjórnandi snúa sér til innri endurskoðanda bæjarfélagsins.

IV

Um samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna

Bæjarstjóri er yfirmaður stjórnarsýslu bæjarins og alls starfsliðs. Einstakir, kjörnir fulltrúar hafa ekki umboð til að gefa starfsmönnum fyrirmæli og skulu ekki hafa bein áhrif á störf þeirra eða ákvarðanir. Tengill kjörinna fulltrúa við starfsmenn bæjarins er bæjarstjóri og sviðsstjóri hvers sviðs. Samskipti kjörinna fulltrúa og stjórnarsýslu skulu miðast við skilgreinda tengiliði hvers málaflokks, nema sérstaklega sé kveðið á um annað með sérstökum samþykktum nefnda og ráða bæjarins, enda skuli það tengjast afmörkuðum verkefnum sem eru í vinnslu. Kjörnum fulltrúum er óheimilt að reka erindi bæjarbúa við einstaka starfsmenn og vilji kjörinn fulltrúi koma máli í farveg skal það gert innan viðkomandi nefndar eða fyrir milligöngu bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra í samráði við bæjarstjóra.

Bæjarfulltrúum og nefndarmönnum er óheimilt að kalla eftir upplýsingum um einstaka mál nema í samráði við bæjarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra. Óski bæjarfulltrúar eftir sérstökum upplýsingum um tiltekin mál skal hann fylgja verklagsreglum vegna aðgengis bæjarfulltrúa að gögnum Kópavogsbæjar.

Starfsmönnum er óheimilt að leita til kjörinna fulltrúa varðandi málefni sem lítur að launakjörum og starfsumhverfi, enda eru kjörnir fulltrúar ekki yfirmenn stjórnarsýslunnar.

Ákvæði til bráðabirgða vegna h. liðar III. kafla: Þar til innri endurskoðun verður virk skal stjórnandi gera starfsmannastjóra viðvart. Skal starfsmannastjóri leggja fram áætlun um viðbrögð í fullum trúnaði og samstarfi við viðkomandi starfsmann.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 10. janúar 2012

